



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Sv. Árborgar

**Austurvegi 67
800 Selfoss**

Selfossi, 22. júlí 2025
2506220HS RS

Efni: Austurvegur 61-63 - umsögn um tillögu að deiliskipulagsbreytingu

Þann 16. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Austurveg 61-63 í Árborg.

Um er að ræða tillögu að breyttu deiliskipulagi þar sem núverandi íbúðarhús og bílageymslur á lóðum Austurvegar 61 og 63 verða rifin og lóðirnar sameinaðar og þar byggt þriggja hæða fjölbýlishús með 21 íbúð og niðurgrafinni bílageymslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Við uppbygginguna verður að huga að viðunandi mótvægisáðgerðum vegna umferðarhávaða frá Austurvegi og tryggja að hljóðstig verði innan marka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Embættið bendir á að þar sem dvalarsvæði eru skilgreind á lóð skal uppfylla kröfuna um að hljóðstig vegna umferðarhávaða fari ekki yfir 55dB(A) og að innihljóðstig fari ekki yfir 30 dB(A) skv. töflu I í viðauka reglugerðarinnar.

Embættið bendir á að niðurrif mannvirkja og meðhöndlun asbests er skráningarskyld starfsemi hjá heilbrigðiseftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, viðauka IV og reglugerð 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi